

## Aðalfundarboð

Með vísan til 4. mgr. 42. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 345/2014 um starfsemi veiðifélaga er hér með boðað til aðalfundar fyrir árin 2016, 2017 og 2018 í **Veiðifélagi Eystri Rangár**, mánudaginn **30. september 2019 kl. 20:00** í Hvolnum, Hvolsvelli.

Ástæða fundarboðunarinnar er að ekki hafa verið haldnir aðalfundir í félaginu síðan 2016 og hefur sú stjórn sem var þá kjörin ekki boðað til aðalfundar síðan, sem þó ber lögum samkvæmt að halda fyrir 1. júní ár hvert.

Félagsmenn í veiðifélaginu hafa því ákveðið að nýta sér lögbundinn rétt sinn til fundarboðunar skv. framangreindum ákvæðum.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosningar
3. Önnur mál

Félagsmönnum er bent á ákvæði um umboð í 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði:

*„Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veiðifélagi með sannarlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda..... Félagismaður má fela öðrum að fara með atkvæði sitt enda sé umboðið skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.“*

Hvolsvelli 17.09.2019

Félagsmenn í Veiðifélagi Eystri Rangár

*Birkir Tomasson*

